

REGLUR

um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt.

I. KAFLI

Innflutningur.

1. gr.

Við tollafgreiðslu á vélum og tækjum sem flutt eru inn vegna stofnframkvæmda við byggingu loðdýrabúa og teljast til varanlegs hluta þeirra skal heimilt að fella niður söluskatt. Með loðdýrabúi er átt við hús, búr og girðingar þar sem loðdýr eru höfð í vörslu og ákvæði laga nr. 53/1981 um loðdýrarækt gilda um, sbr. reglugerð nr. 444/1982. Reglur þessar taka ekki til loðkanínuræktar, sbr. reglugerð nr. 393/1984.

Heimild þessi er bundin því skilyrði að vélar þessar eða tæki falli undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 1. gr. auglýsingar nr. 69/1988 um niðurfelling eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eða söluskatts af aðföngum til samkeppnisiðnaðar eða um sé að ræða sérhæfðan vélbúnað til loðdýraræktar, þ.e. vélbúnað sem sérstaklega er hannaður til þeirra nota og fellur undir önnur tollskrárnúmer í 84., 85. eða 90. kafla í viðauka I í tollalögum nr. 55/1987, sbr. lög nr 96/1987 um breyting á þeim. Af tækjum og búnaði til rannsókna sem ekki falla undir auglýsingu nr. 69/1988 ber að greiða söluskatt.

Með sérhæfðum vélbúnaði til loðdýraræktar er átt við eftirfarandi:

1. Fóður- og drykkjarkerfi og vélar, tæki og hlutar þeim tilheyrandi, eins og fóðurgeymar (síló), kælikerfi, pípuðreifikerfi, viðnámsþræðir, sniglar, færíbönd, skammtarar, vogir, fóðurgerðarvélar, brynningartæki og hlutar til þeirra, einnig fóðurdæluvagnar.
2. Brímamælar, gildrur, aflfunartæki, fláningsvélar og -bekkir.
3. Neyðarrafstöðvar með tilheyrandi búnaði.

Reglur þessar taka ekki til annarra handverkfæra en þeirra sem falla undir auglýsingu nr. 69/1988.

Heimildin skal jafnframt taka til búra, hreiðurkassa, flórrenna og hluta og efnivara í þau, enda séu hlutar þessir og efnivörur sérstaklega gerðar til nota við framleiðslu á loðdýrabúrum, hreiðurkössum og flórrennum.

2. gr.

Af öðrum innfluttum byggingarvörum til mannvirkjagerðar sem ekki falla undir 1.—3. tl. 3. mgr. 1. gr., t.d. dælum, rafmótorum, rafstöðvum, lokum, pípum, rafstrengjum, timbri, sementi, steypustyrktarjárni, plötuefni og öðrum þess háttar byggingarvörum til byggingar loðdýrabús, hvort sem þær eru fluttar inn af byggjendum sjálfum eða fyrir þeirra hönd skal greiða söluskatt með venjulegum hætti við tollafgreiðslu en fjármálaráðuneytið mun endurgreiða hann aðiljum sem reka loðdýrabú samkvæmt 5. gr.

3. gr.

Af hvers konar vinnuvélum og -tækjum svo og varahlutum til þeirra sem notaðar verða við hinar verklegu framkvæmdir skal greiða söluskatt eins og hann er á hverjum tíma og gildir sama um hvers konar ökutæki sem loðdýrabú kann að kaupa til framkvæmda og reksturs á þess vegum. Ennfremur skal greiða söluskatt af hvers konar rekstrar- og viðhaldsvörum, öðrum en varahlutum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í auglýsingu nr. 69/1988 og notaðir eru til viðhalds sérhæfðum vélum og tækjum sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Niðurfelling söluskatts samkvæmt 1. gr. tekur einungis til véla, tækja, vélahluta og varahluta sem notað verður til loðdýraræktar. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim

skilyrðum að innflutningur sé á nafni viðkomandi loðdýrabús og fyrirsvarsmáður þess lýsi því yfir skriflega að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við loðdýrarækt.

Undanþága frá greiðslu söluskatts samkvæmt reglum þessum verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til stofnunar loðdýrabús.

Við frágang aðflutningsskýrslu skal söluskattur eigi reiknaður en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglum og öðrum fyrirætlum settum þar að lútandi.

Teljji tollstjóri ástæðu til, hvort sem er vegna beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts, getur hann krafist viðkomandi loðdýrabú um upplýsingar samkvæmt 6. gr. svo og að framvísað sé leyfi til starfrækslu þess, sbr. 5. gr. laga nr. 53/1981 og reglugerða settra samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Kaup innanlands.

5. gr.

Við kaup innanlands á vélum og tækjum, sem um ræðir í 1. gr., sem annað hvort eru keyptar af birgðum innfluttra tollafgreiddra vara eða hafa verið framleiddar innanlands vegna stofnframkvæmda við byggingu loðdýrabús, skal söluskattur greiddur með venjulegum hætti en tollstjórar hver í sínu umdæmi munu sjá um endurgreiðslur gjalda af þeim. Um framkvæmd þessara endurgreiðslna fer að öðru leyti að hætti ákvæða 4., 5. og 7. gr. auglýsingar nr. 69/1988. Fjármálaráðuneytið mun hins vegar endurgreiða söluskatt af efnivörum sem notaðar hafa verið til byggingar húsa, girðinga, búra og hreiðurkassa, enda hafi söluskattur verið greiddur af vörum þessum með venjulegum hætti.

6. gr.

Aðilar sem óska eftir endurgreiðslu gjalda samkvæmt niðurlagi 5. gr. skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi, undirritað af forsvarsmanni loðdýrabúsins.

Erindinu skal fylgja úttekt byggingarfulltrúa, er greini stærð og gerð húsa, lengd búra og girðinga og fjölda hreiðurkassa. Úttekt byggingarfulltrúa skal staðfest af Byggingarstofnun landbúnaðarins. Einnig má gera það að skilyrði að afrit af leyfi landbúnaðarráðuneytisins til stofnunar loðdýrabús liggja fyrir.

Teljst framlögð gögn fullnægjandi mun fjármálaráðuneytið endurgreiða áætlaðan söluskatt miðað við heimilada bústærð samkvæmt útreikningum Byggingarstofnunar landbúnaðarins þar um á hverjum tíma.

Breytingar á húsum, stækkun og annað, sem talist getur til stofnframkvæmda, er endurgreiðsluhæft. Sömu reglur gilda um það og fram koma í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar. Af byggingarefni sem notað hefur verið til slíkra stofnframkvæmda mun ráðuneytið hins vegar endurgreiða söluskatt eftir mati Byggingarstofnunar landbúnaðarins á því hversu efniskaup séu háir hundraðshluti af efniskaupum vegna nýrra húsa sömu stærðar og gerðar. Skal það mat fylgja endurgreiðslubeiðni.

Ekki verða endurgreidd gjöld af skrifstofubyggingum, vélaverkstæðisbyggingum, starfsmannabústöðum, mótuneytishúsnæði eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar dýrahúsum lækkar endurgreiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

7. gr.

Loðdýraræktendur sem fengið hafa efni í mannvirki undanþegið söluskatti samkvæmt þessu reglum er óheimilt innan 10 ára talið frá næstu áramótum eftir að starfsemi er hafin að nota þau til annars en loðdýraræktar, nema leyfi fjármálaráðuneytisins komi til. Óski þeir eftir að taka þau til annarra nota eða afhenda eða selja innan þess tíma til nota við rekstur

eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt þessum reglum skulu þeir áður en önnur starfsemi er hafin eða afhending eða sala fer fram greiða gjöld af vörum sem notið hafa eftirgjafar samkvæmt þessum reglum, miðað við 10% árlega fyrningu að teknu tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjármálaráðuneytið ákveður fjárhæð þeirra gjalda sem þannig skulu innheimt að fengnum tillögum ríkisendurskoðunar.

Stjórn loðdýrabús eða sá aðili sem heimild hefur til að binda fyrirtækið fjárhagslega skal gefa út yfirlýsingu til fjármálaráðuneytisins þar sem því sé lýst yfir að allar þær vörur sem söluskattur hefur verið gefinn eftir eða endurgreiddur af samkvæmt þessum reglum verði eingöngu notaðar til loðdýraræktar og verði þær teknar til annarra nota eða afhentar eða seldar öðrum aðila til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt reglum þessum sé eigandi þess skuldbundinn til að greiða ríkissjóði söluskatt af vörunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar áður en notkun sé breytt eða afhending eða sala fari fram. Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöð á mannvirkjunum á kostnað eiganda loðdýrabúsins.

8. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar. Jafnframt skulu þeir halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar eða endurgreiðslu njóta samkvæmt þessum reglum aðgreindum í bókhaldi sínu sem skattyfirvöld og tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji embættin ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Komi í ljós við rannsókn á bókhaldi að þeir hafi misnotað ívilnanir sem hafa verið veittar samkvæmt reglum þessum eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða geta tollyfirvöld hafnað beiðnum um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt þeim meðan málið er í athugun.

9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á söluskatti eða misnotkun ívilnunar samkvæmt ákvæðum reglna þessara getur m.a. varðað við 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 13. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1988 um breyting á þeim, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 72/1986 um sama efni og auglýsing nr. 523/1986 um breyting á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skulu reglur nr. 72/1986 gilda eftir því sem við á um endurgreiðslu gjalda af fjárfestingarvörum vegna framkvæmda á árinu 1987.

Fjármálaráðuneytið, 8. mars 1988.

F.h.r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.